



Landsnet hf.  
Gylfaflöt 9  
112 Reykjavík

Dagsetning 10. júlí 2024  
Málsnúmer IRN24030010

**Efni: Svar innviðaráðuneytisins við beiðni Landsnets um að skipuð verði sérstök raflínunefnd vegna Holtavörðuheidarlínu 1 í samræmi við 9. gr. a skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. lög nr. 35/2023.**

## I. Inngangur

Vísað er til beiðni Landsnets, dags. 1. mars 2024, um að ráðherra skipi sérstaka raflínunefnd sem hafi það hlutverk að undirbúa, kynna og afgreiða raflínuskipulag fyrir framkvæmd í flutningskerfi raforku sem ná til tveggja eða fleiri sveitarfélaga og afgreiða umsóknir um framkvæmdaleyfi fyrir henni.

Samkvæmt því sem segir í beiðni Landsnets er um að ræða framkvæmd sem hefur fengið vinnuheimild Holtavörðuheidarlína 1. Framkvæmdin mun ná til fjögurra sveitarfélaga, þ.e. Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps, Borgarbyggðar og Húnaþings vestra. Fyrirhuguð framkvæmd er 220 kV loftlína, u.þ.b. 91 km löng, sem mun liggja frá tengivirkinu á Klafastöðum í Hvalfirði að nýju tengivirki sem verður byggt á Holtavörðuheidi. Verður flutningsgetan á milli 800 og 900 MW. Þá er línan á samþykktu kerfisáætlun Landsnets 2023-2032 og er áætlað að framkvæmdir hefjist árið 2025.

## II. Málsmeðferð ráðuneytisins

Ráðuneytinu barst beiðni Landsnets um skipan raflínunefndar 6. mars 2024.

Með bréfi dags. 12. apríl 2024 veitti ráðuneytið Landsneti kost á að rökstyðja beiðni sína um skipan raflínunefndar. Í nefndu bréfi benti ráðuneytið á að í erindi Landsnets væri ekki að finna rökstuðning fyrir því af hverju fyrirtækið teldi þörf á að skipulag vegna umræddra línuframkvæmda yrði sett í þennan farveg og þannig tekið úr hefðbundnum skipulagsfarvegi sveitarfélaga skv. meginreglum skipulagslaga. Taldi ráðuneytið að ekki yrði ráðið af erindunum hvort og þá að hvaða marki væri ágreiningur til staðar við sveitarfélögun eða milli þeirra um hinar fyrirhuguðu framkvæmdir. Þá upplýsti ráðuneytið að það myndi óska eftir umsögnum hlutaðeigandi sveitarfélaga um umbeðna skipan raflínunefndar.

19. apríl 2024 svaraði Landsnet beiðni ráðuneytisins um frekari upplýsingar. Í nefndu svarbréfi svaraði Landsnet spurningum ráðuneytisins frá 12. apríl 2024 og fjallaði um tilurð löggjafarinnar um raflínunefndar og skilyrði fyrir skipan þeirra.

Sama dag, 19. apríl 2024, óskaði ráðuneytið eftir rökstuddri afstöðu Hvalfjarðarsveitar, Borgarbyggðar, Skorradalshrepps og Húnaþings vestra til framkominnar beiðni Landsnets. Hafa framangreind sveitarfélög skilað ráðuneytinu umsögnum sínum.

### III. Sjónarmið Landsnets

Í svari Landsnets við beiðni ráðuneytisins um viðbótarupplýsingar rekur Landsnet forsögu og markmið löggjafar um skipan raflínunefndar. Segir Landsnet að megintilgangur með umræddum breytingum á skipulagslöggjöfinni hafi verið að auka skilvirkni í skipulags- og leyfisveitingaferli raflínuf framkvæmda. Endurspeglit það helst í því að eftir gildistöku laganna hafi heimild til skipunar raflínunefndar verið lögfest. Að mati Landsnets sé hagræði af slíku fyrirkomulag augljóst og feli m.a. í sér að tekin sé ein skipulagsákvörðun og eitt framkvæmdaleyfi veitt fyrir tiltekinni framkvæmd í flutningskerfi raforku, í tilvikum þar sem framkvæmdin varði tvö eða fleiri sveitarfélög.

Byggir Landsnet á að eins og komi fram í fyrirliggjandi beiðni u séu uppfyllt lögbundin skilyrði skipulagssлага fyrir skipun raflínunefndar og því sé ráðherra unnt að skipa raflínunefnd vegna framkvæmdanna, sbr. 9. gr. a laga nr. 123/2010. Séu skilyrðin eftirfarandi; a) að beiðni skuli vera sett fram áður en samþykkt hafi verið á fundi a.m.k. einnar sveitarstjórnar að auglýsa skipulagstillögu á grundvelli 31. gr. skipulagssлага nr. 123/2010, b) að beiðninni skuli fylgja greinargóð lýsing á fyrirhugaðri framkvæmd og c) upplýsingar um það innan hvaða sveitarfélaga framkvæmdin sé áformuð.

Þá tekur Landsnet það fram að um nýja löggjöf sé að ræða. Þegar af þeim sökum séu ekki til staðar skýr fordæmi þegar komi að ákvörðun ráðherra um skipun raflínunefndar, þ.m.t. mögulegri ákvörðun hans um að synja um skipun slíkrar nefndar. Að mati Landsnets hljóti það að vera veigamikill þáttur í ákvörðun ráðherra að fyrirliggjandi beiðnir uppfylli öll þau skilyrði sem lög geri ráð fyrir.

Telur Landsnet jafnframt að veigamikil rök þurfi að liggja fyrir í tilvikum þar sem ráðherra ákveði að hafna beiðni aðila um skipan raflínunefndar, þ.e.a.s. beiðni Landsnets eða sveitarfélaga, í tilviki þar sem öll skilyrði laga séu uppfyllt. Í slíku tilviki væri um að ræða afar íþyngjandi ákvörðun að mati Landsnets.

Áréttar Landsnet að fyrirhugaðar framkvæmdir séu í samþykkttri kerfisáætlun Landsnets og hafi verið kynntar öllum hagsmunaaðilum, líkt og rakið sé í fyrirliggjandi beiðnum. Telur Landsnet að lögin geri ráð fyrir því að nefndin skuli skipuð strax á upphafsstigum undirbúnings og hafi sveitarfélög því eðli málsins samkvæmt ekki tekið málin formlega fyrir, m.t.t. skipulags.

Segir Landsnet að skipan raflínunefndar og málsmeðferð vegna raflínuskipulags muni ekki koma niður á rétti hagsmunaaðila, þ.m.t. sveitarstjórna, til þess að koma sínum sjónarmiðum að við afgreiðslu málsins. Þvert á móti hafi skipan raflínunefndar það í för með sér að hagsmuna sveitarfélaga sé gætt og skilvirkni sé tryggð. Getur Landsnet þess að framkvæmdir í meginflutningskerfi raforku séu alla jafna afar umfangsmiklar og liggi oft um mörg sveitarfélög. Telur Landsnet að mikið hagræði sé fólgið í því að Landsnet, sem beri ábyrgð á uppbyggingu á flutningskerfi raforku, geti nýtt sér það úrræði að óska eftir skipun raflínunefndar.

Segir í bréfi Landsnets að það hljóti að mega gera ráð fyrir því að sótt verði um skipan raflínunefndar í tilvikum þar sem framkvæmd nái yfir tvö sveitarfélög eða fleiri og með því verði komið í veg fyrir óþarfa tafir í undirbúningsferli framkvæmda. Telji Landsnet að það megi enn fremur leiða líkur að því að það hljóti að vera hagur allra hlutaðeigandi aðila, sem hagsmuna hafi að gæta, að einfalda þann þátt í ferlinu er lúti að skipulagsmálum, enda komi slíkt hagræði ekki niður á vönduðum undirbúningi málsins og víðtæku samráði á öllum stigum þess. Raflínuskipulag yrði einnig rækilega kynnt fyrir almenningi, sem gefist kostur á að koma að athugasemdum sínum.

Um fyrirspurn ráðuneytisins um upplýsingar um mögulegan ágreining við hlutaðeigandi sveitarfélög og/eða ágreining þeirra á milli, segir Landsnet að það hafi þegar tilkynnt öllum

hlutaðeigandi sveitarfélögum um framlagða beiðni um skipun raflínunefndar. Hafi engin sérstök mótmæli borist Landsneti vegna hennar.

Að lokum áréttar Landsnet mikilvægi þess að ólík sjónarmið og eftir atvikum ágreiningur um framkvæmdina sem slíka, sem munu ávallt hljóta efnislega umfjöllun innan raflínunefndar og viðkomandi sveitarfélaga, komi ekki í veg fyrir ákvörðun ráðherra um skipan raflínunefndar. Gæti það eitt haft í för með sér að komið yrði í veg fyrir að hið lögbundna úrræði um skipan raflínunefndar yrði raunhæft úrræði til framtíðar lítið. Vandséð sé að markmiðum stjórnvalda um að auka skilvirkni í undirbúningsferli framkvæmda þegar komi að uppbyggingu á flutningskerfi raforku verði náð með þeim hætti.

#### **IV. Umsagnir hlutaðeigandi sveitarfélaga**

##### *a. Umsögn Húnaþings vestra*

Í umsögn Húnaþings vestra, dags. 29. apríl 2024, segir að á 212. fundi byggðaráðs Húnaþings vestra hafi umsagnarbeiðni innviðaráðuneytisins um beiðni Landsnets um skipan raflínunefnda vegna Holtavörðuheidarlína 1 og 3 verið tekin fyrir. Hafi verið bókað að byggðaráð Húnaþings vestra legðist gegn þeim breytingum sem fólust í 1. mgr. 9. gr. a í skipulagslögum nr. 123/2010. Telji ráðið að nefndar breytingar vegi að skipulagsvaldi sveitarfélaga.

Jafnframt segir í nefndri bókun að byggðaráðið telji að á þessu stigi sé ekki þörf á skipan raflínunefndar. Ekki hafi verið tekin ákvörðun um legu línanna og þar af leiðandi ekki farið fram samtal um framkvæmdina og enn síður kominn fram ágreiningur um hana. Auk þessi liggja ekki fyrir reglugerð um störf raflínunefnda á grundvelli lagabreytinga nr. 35/2023 og skipan nefndarinnar því ekki tímabær að mati byggðaráðs.

Tekið er fram í bókuninni að Húnaþing vestra hafi á öllum stigum sýnt mikinn vilja til samstarfs enda sé um að ræða afar mikilvæga framkvæmd fyrir svæðið og landsmenn alla. Sveitarfélagið kveðst munu halda þeirri samvinnu áfram. Þó vissulega sé um flókið skipulagsmál að ræða bendir byggðaráð á að skipulagsmál eigi ekki, og megi ekki, í eðli sínu vera einföld. Tilgangur þeirra sé að tryggja að vel sé að verki staðið við hvers kyns framkvæmdir og að sem flest sjónarmið séu tekin með í reikninginn.

Að lokum er tekið fram í bókun byggðaráðs Húnaþings vestra að Landsnet hafi í tilkynningu sinni til sveitarfélagsins um framkomna beiðni um skipan raflínunefndar á engan hátt gefið til kynna að umsagna væri óskað, heldur að bréfið væri sent til upplýsinga.

##### *b. Umsögn Skorradalshrepps*

Í umsögn Skorradalshrepps, dags. 6. maí 2024, er vakin sérstök athygli á umfjöllun meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis (hér eftir vísað til sem „nefndin“), við meðferð frumvarps sem hafi orðið að breytingarlögum nr. 35/2023 við skipulagslög nr. 123/2010. Í þeirri umfjöllun hafi m.a. komið fram að ljóst væri að frumvarpið fæli í sér frávik frá meginreglum skipulagslaga um að sveitarfélög fari með skipulagsvaldið og að meirihluti nefndarinnar legði áherslu á að öll slík frávik bæri að túlka þröngt. Einnig hafi meirihluti nefndarinnar vakið áherslu á að skipulagsmál raflína færu ekki sjálfkrafa til vinnslu og afgreiðslu raflínunefndar samkvæmt frumvarpinu heldur þurfi að óska eftir því hverju sinni að ráðherra skipi slíka nefnd um afmarkaða framkvæmd. Lýsir Skorradalshreppur því að meirihluti nefndarinnar hafi jafnframt talið það farsælast að sveitarfélög

næðu sjálf að leysa ágreining vegna fyrirhugaðrar lagningar raflínu en á sama tíma væri nauðsynlegt að fyrir hendi væri farvegur til að aðstoða við lausn ágreinings vegna þeirra þjóðhagslega mikilvægu hagsmuna að raforkuöryggi verði tryggt um allt land. Með frumvarpinu væri lagður til slíkur farvegur.

Tekur Skorradalshreppur það fram í umsögn sinni að í ljósi meginreglna skipulagslaga og 78. gr. Stjórnarskrár Íslands þurfi að liggja fyrir sérstakar aðstæður svo heimild til að skipa raflínunefnd verði nýtt. Að mati Skorradalshrepps komi engin sérstök sjónarmið sem réttlæti að beita skuli heimildinni fram í beiðni Landsnets?.

Þá telur Skorradalshreppur að málsmeðferð raflínuskipulags leiði til verulegra álitamála um skipulagsvinnu og framkvæmd skipulags á síðari stigum. Staða raflínunefndar í stjórnkerfi sé verulega óljós, m.a. hvað varði aðildarhæfi, stöðu gagnvart málsmeðferðarreglum sem gildi almennt um sveitarfélög, innheimtu framkvæmdaleyfisgjalds o.fl. Jafnframt bendir Skorradalshreppur á að hafa beri í huga að með umræddum breytingarlögum hafi verið gert ráð fyrir setningu reglugerðar um raflínuskipulag, sbr. 45. gr. skipulagslaga. Sú reglugerð hafi ekki verið sett og því sé ótímabært að gera ráð fyrir skipun raflínunefndar í ljósi þeirrar stöðu.

Telur Skorradalshreppur að því sé ósvarað hvaða skipulagsþættir falli undir raflínuskipulag, t.d. varðandi efnistöku, slóðagerð o.fl. Óvissa geti því skapast við veitingu framkvæmdaleyfis á grundvelli raflínuskipulags þar sem raflínuskipulag sé ekki í samræmi við stefnu aðalskipulags.

Í umsögn sinni vísar Skorradalshreppur sérstaklega til ákvæða 9. gr. c raforkulaga nr. 65/2003, þar sem fjallað sé um stöðu kerfisáætlunar gagnvart skipulagi sveitarfélaga. Telur Skorradalshreppur það lagaákvæði enn í fullu gildi og að eðlilegt sé að vinna við gerð aðalskipulags sveitarfélagsins muni hvíla á þeim reglum.

Leggur Skorradalshreppur áherslu á að sveitarfélagið geti innan lýðræðislega skipaðra stjórnareininga sveitarfélagsins, sveitarstjórnar og skipulagsnefndar, fengið til meðferðar skipulagsákvarðanir vegna Holtavörðulínu 1.

Að lokum tekur Skorradalshreppur það fram í umsögn sinni að í beiðni Landsnets til ráðuneytisins hafi ekki á neinn hátt verið gefið til kynna að umsagna yrði leitað, heldur hafi verið tekið fram að Landsnet myndi upplýsa hlutaðeigandi sveitarfélög um framkomna beiðni.

### *c. Umsögn Hvalfjarðarsveitar*

Í umsögn Hvalfjarðarsveitar, dags. 10. maí 2024, er vísað til bókunar umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefndar Hvalfjarðarsveitar á 36. fundi nefndarinnar þar sem segir að nefndin taki jákvætt í að skipuð verði raflínunefnd vegna Holtavörðuheiðarlínu 1. Var endanlegri afgreiðslu vísað til sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar.

Þá segir í umsögn sveitarfélagsins að á 398. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar hafi oddviti lagt fram tillögu þess efnis að sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar staðfesti þá afgreiðslu umhverfis-, skipulags, náttúruverndar og landbúnaðarnefndar Hvalfjarðarsveitar, að tekið sé jákvætt í að skipuð verði raflínunefnd vegna Holtavörðuheiðarlínu 1. Hafi sú tillaga verið samþykkt.

#### d. Umsögn Borgarbyggðar

Í umsögn Borgarbyggðar, dags. 7. júní 2024, segir að á fundi byggðaráðs sveitarfélagsins 2. maí 2024 hafi verið tekið fyrir erindi frá innviðaráðuneytinu til Borgarbyggðar þar sem óskað hafi verið eftir afstöðu sveitarfélagsins til beiðni Landsnets um skipan sérstakrar raflínunefndar á grundvelli 9. gr. a skipulagslaga nr. 123/2010 vegna Holtavörðuheidarlínu 1.

Afgreiðsla byggðaráðs Borgarbyggðar hafi verið sú að enginn ágreiningur væri uppi um þjóðhagslegt mikilvægi línunnar og mikilvægi hennar til að auka raforkuöryggi í landinu. Fyrir samfélagið í heild væri því til mikils að vinna ef hægt sé að auka skilvirkni skipulagsferilsins án þess að það bitni á gæðum skipulagsvinnunnar. Innan sveitarfélaga séu skiptar skoðanir um æskilegt línustæði og ekki loku fyrir það skotið að ágreiningur muni vakna milli sveitarfélaga sömuleiðis. Því sé æskilegt að skapaður sé farvegur til að ávarpa og greiða úr slíkum ágreiningi og tryggja sameiginlegan skilning. Fulltrúar sveitarfélaga í nefndinni fylgi enda stefnu sinna sveitarfélaga og gæti hagsmuna þeirra.

Tekið er fram í afgreiðslu byggðaráðs Borgarbyggðar að ekki sé komin reynsla á skipan raflínunefnda. Það sé von byggðaráðs að ef til þess komi muni nefndin verða til þess að styrkja samtal Landsnets, ráðuneytis og sveitarfélaga sem vega muni fyllilega upp á móti breyttum farvegi skipulagsferilsins.

Þá segir jafnframt að skipan raflínunefnda feli í sér eftirgjöf skipulagsvalds. Þær breytingar sem gerðar hafi verið á raforkulögum síðustu ár hafi rýrt skipulagsvald sveitarfélaga gagnvart kerfisáætlun Landsnets. Skipan raflínunefndar muni að mati byggðaráðs sveitarfélagsins í framkvæmd hvorki rýra frekar né endurheimta það skipulagsvald sem frá sveitarfélögum hafi verið tekið.

#### V. Niðurstaða ráðuneytisins

Til umfjöllunar er beiðni Landsnets um að skipuð verði raflínunefnd í samræmi við ákvæði 9. gr. a skipulagslaga nr. 123/2010 vegna Holtavörðulínu 1.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. a er ráðherra heimilt, að beiðni aðila sem ber ábyrgð á framkvæmd í flutningskerfi raforku eða að beiðni sveitarfélags, að skipa sérstaka raflínunefnd sem hafi það hlutverk að undirbúa, kynna og afgreiða raflínuskipulag fyrir framkvæmd í flutningskerfi raforku sem ná til tveggja eða fleiri sveitarfélaga og afgreiða umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir henni.

Þá segir í 2. mgr. 9. gr. a að beiðni framkvæmdaraðila eða sveitarfélags um skipun raflínunefndar skuli sett fram áður en samþykkt hafi verið á fundi a.m.k. einnar sveitarstjórnar að auglýsa skipulagstillögu á grundvelli 31. gr. sömu laga. Í beiðninni skuli koma fram greinargóð lýsing á fyrirhugaðri framkvæmd og upplýsingar um innan hvaða sveitarfélaga framkvæmdin sé áformuð.

Í 3. mgr. 9. gr. a er kveðið á um að í raflínunefnd skuli eiga sæti einn fulltrúi hvers sveitarfélags sem viðkomandi framkvæmd eigi að ná til auk fulltrúa ráðherra sem fari með orkumál og fulltrúa ráðherra sem fari með skipulagsmál. Sá síðastnefndi skal vera formaður nefndarinnar. Samþykki meirihluta nefndar þarf til að afgreiða einstök mál, að því undanskildu að einróma samþykki þarf vegna tillögu að raflínuskipulagi, sbr. 3. mgr. 11. gr. d. Falli atkvæði jafnt skal slíkum ágreiningi vísað til ráðherra, sbr. 4. mgr. 11. gr. d. Skipan nefndarinnar skal gilda þar til framkvæmd er lokið. Sveitarstjórnnum er heimilt að afloknum sveitarstjórnarkosningum að tilnefna nýjan fulltrúa sinn í nefndina.

Samkvæmt framangreindu er ráðherra heimilt að skipa raflínunefnd að beiðni framkvæmdaraðila eða sveitarfélags en ákvæði 9. gr. a veitir þó ekki frekari leiðbeiningar um það í hvaða tilvikum sé rétt að ráðherra beiti þeirri heimild.

Ef horft er til greinargerðarinnar sem fylgdi með frumvarpi því er varð að lögum nr. 35/2023 má ráða að ákvæði 9. gr. a um skipan raflínunefnda hafi að hluta til verið viðbragð við þeim vanda er kom upp í kjölfar aftakaveðurs veturinn 2019. Beindust þá sjónir að mögulegum orsökum tafa sem hafi orðið á undirbúningi og uppbyggingu framkvæmda á sviði flutningskerfis raforku, m.a. vegna vandamála sem hafi komið upp við að ná fram samræmdum skipulagsbreytingum í mörgum sveitarfélögum vegna slíkra framkvæmda.

Í greinargerðinni er m.a. fjallað um niðurstöður starfshóps sem var skipaður í kjölfar aftakaveðursins 2019 til að fjalla sérstaklega um einföldun leyfisveitinga vegna framkvæmda í flutningskerfi raforku. Segir að starfshópurinn hafi talið að mikil einföldun væri fölgín í því ef lög heimiluðu að tekin væri ein sameiginleg skipulagsákvörðun fyrir framkvæmd af þessu tagi. Einfaldast væri þá ef lög heimiluðu að tekin væri ein sameiginleg ákvörðun á aðalskipulagsstigi fyrir þessa tegund framkvæmda, þvert á sveitarfélagamörk. Taldi starfshópurinn líklegast að mest sátt yrði um að fela sameiginlegri nefnd hlutaðeigandi sveitarfélaga að taka slíka sameiginlega ákvörðun. Önnur leið væri að fela ríkisvaldinu ákvörðunarvaldið en slíkt væri frávik frá því sem almennt gildir í skipulagsmálum hér á landi. Sama nefnd hefði þá jafnframt það hlutverk að gefa út framkvæmdaleyfi vegna viðkomandi framkvæmdar og hafa eftirlit með henni á framkvæmdatíma.

Eftir fyrstu umræðu á Alþingi um frumvarpið var málinu vísað til umhverfis- og samgöngunefndar og skilaði meirihluti nefndarinnar nefndarálit og breytingartillögu. Einnig skilaði minnihluti nefndarinnar nefndarálit með frávísunartillögu.

Í nefndarálit meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar er m.a. fjallað um skipulagsvald sveitarfélaga. Að mati meirihluta nefndarinnar sé ljóst að frumvarpið feli í sér frávik frá meginreglum skipulagslaga um að sveitarfélög fari með skipulagsvaldið og leggur hann áherslu á að öll slík frávik beri að túlka þröngt. Þá hafi meirihluti nefndarinnar talið mikilvægt að umfjöllun um skipulagsbreytingar og framkvæmdaleyfi í flutningskerfi raforku geti hlotið þá sérstöku málsmeðferð sem mælt sé fyrir um í frumvarpinu ef til ágreinings kemur og ekki takist að leysa hann í hefðbundnu skipulagsferli. Eins hafi meirihluti nefndarinnar talið farsælast að sveitarfélög næðu sjálf að leysa ágreining vegna fyrirhugaðrar lagningar raflínu en á sama tíma væri nauðsynlegt að fyrir hendi væri farvegur til að aðstoða við lausn hans vegna þeirra þjóðhagslegu mikilvægu hagsmuna að raforkuöryggi sé tryggt um allt land. Með frumvarpinu væri lagður til slíkur farvegur.

Þessi afstaða meirihluta nefndarinnar kom jafnframt ítrekað fram í umræðum um frumvarpið á Alþingi, þ.e. að með frumvarpinu væri verið að leggja til verkfæri ef kæmi til ágreinings um framkvæmdir í flutningskerfi raforku.

Að mati ráðuneytisins felst í heimild 9. gr. a skipulagslaga frávik frá þeirri meginreglu laganna að sveitarstjórnir annist gerð skipulagsáætlana og veiti framkvæmdarleyfi. Því beri að túlka heimildina þröngt. Er sú niðurstaða í samræmi við þann vilja löggjafans sem birtist í umfjöllun Alþingis um frumvarp laga nr. 35/2023.

Af því leiðir að einungis komi til greina að beita heimildarákvæði 9. gr. a um skipan raflínunefnda í þeim tilvikum þegar fyrir liggur að ágreiningur sé til staðar, eða að slíkur ágreiningur sé a.m.k. augljóslega fyrirsjáanlegur, milli hlutaðeigandi aðila vegna framkvæmdarinnar. Af gögnum fyrirbyggjandi máls verður hins vegar ekki séð að til staðar sé slíkur ágreiningur milli

framkvæmdaraðila og sveitarfélags eða milli hlutaðeigandi sveitarfélaga vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða ráðuneytisins að Landsnet hafi í beiðni sinni um skipun raflínunefndar ekki sýnt fram á að nægjanlegur grundvöllur sé til þess að víkja frá meginreglu skipulagslaga um að sveitarfélögin fari með skipulagsvaldið, þar sem ekki liggi fyrir að ágreiningur sé við sveitarfélögin eða á milli þeirra um framkvæmdina. Verður því að svo stöddu að synja framkominni beiðni Landsnets um skipan raflínunefndar vegna Holtavörðuheiðarlinu 1.

Ráðuneytið bendir þó jafnframt á að leggja má fram slíka beiðni að nýju ef aðstæður breytast að þessu leyti, að uppfylltum skilyrðum 9. gr. a skipulagslaga.



Ólafur Kr. Hjörleifsson

F.h. ráðherra



María Hrönn Guðmundsdóttir Busk

